

Gróðurhúsaáhrif

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Markmið: Geta tekið rökstudda afstöðu, efla gagnrýna hugsun og víðsýni. Nemendur skilji og rifji upp námsefni vetrarins og átti sig á mikilvægi skóga fyrir orkuflæði í vistkerfum. Eykur þekkingu á umhverfinu og eflir hæfni í greiningu á aðstæðum.

Námsgreinar: raungreinar, lífsleikni, íslenska og samfélagsfræði.

Elsta stig.



VERKLÝSING

Unnið er með áhrif mannsins á umhverfi sitt. Styrkur súrefnis og koltvíoxíðs í andrúmslofti og fyrirsjáanlegar breytingar. Hvað getum við gert?

Í upphafið er farið í vettvangsferð og kennari er með innlögn þar sem talað er um og út frá nýlegum greinum um efnið. Málín eru rædd og komið með mögulega afstöðu hvers og eins ásamt hugmyndum um hvað sé hægt að gera.

Þá er nemendum skipt í hópa og hver hópur fer í rannsóknarvinnu, nýtir sér heimildir og rifjar upp með samhjálp. Eftir þælingar þarf að taka sameiginlega afstöðu og skila af sér grein til birtingar þar sem í upphafi er sett fram rannsóknarspurning og svo tíundaðar niðurstöður út frá henni.

Hver hópur kynnir afrakstur sinn og svarar spurningum.

Hér er hugsað beint um námsefni 10. bekkjar og upprifjun á því en auðvelt ætti að vera að yfirfæra þessa leið á aðra bekki elsta stigs grunnskóla. Ætlast er til að nemendur geti skýrt mögulegar afleiðingar þess ef jafnvægi raskast og hver áhrif mannsins eru á jörðina.

UNDIRBÚNINGUR, NÁMSEFNI, TÆKI OG TÓL

Dagblaðagreinar, kennslubækur, ítarefni, m.a. kennslubækur framhaldsskóla í náttúrufræði og vísindavefur HÍ.

Mat: Sjálfs- og jafningjamat.